

Samkeppniseftirlitið
Borgartún 26,
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2021

Efni: Tilkynning um breytingu á yfirráðum Mílu ehf.

Ardian France SA („Ardian“), 20, place Vendôme, 75001 París, Frakklandi, hefur leitað til LEX lögmannsstofu og falið undirrituðum lögönnunum að hafa umsjón með og bera ábyrgð á samskiptum við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa á Mílu ehf. („Míla“), kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík, af Símanum hf. („Síminn“), kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Eins og nánar verður lýst hér á eftir þá felast kaupin í því AB 855 ehf. („**AB 855**“) kaupir allt hlutafé Mílu af Símanum. AB 855 er í eigu tveggja sjóða, ARDIAN Infrastructure Fund V S.C.A., SICAR (skráninganr. B228915 í fyrirtækjaskrá Lúxemborg) og ARDIAN Infrastructure Fund V B S.C.S., SICAV-RAIF (skráninganr. B228830 í fyrirtækjaskrá Lúxemborg) („**Ardian Funds**“), bæði með skráða starfsstöð að 24 avenue Emile Reuter, L-2420 Lúxemborg, en sjóðum þessum er stýrt af Ardian. Þegar afhending hins keypta, Mílu, fer fram mun þannig verða breyting á yfirráðum í Mílu á þann veg að Ardian mun fara með endanleg yfirráð félagsins. Í ljósi þess hefur komið til skoðunar hvort viðskiptin feli í sér tilkynningarskyldan samruna, sbr. 17. gr. a. samkeppnisлага nr. 44/2005 og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Sú skoðun hefur leitt í ljós að viðskiptin fela ekki í sér samruna sem er tilkynningarskyldur til Samkeppniseftirlitsins, eins og nánar verður lýst hér á eftir. Hafa aðilar því tekið þá ákvörðun að greina Samkeppniseftirlitinu frá viðskiptunum og óska eftir afstöðu eftirlitsins til þess hvort tilkynningar verði krafist á grundvelli heimildar 3. mgr. 17. gr. b. laga nr. 44/2005. Óskað er eftir að Samkeppniseftirlitið taki afstöðu til þess **innan 15 virkra daga frá móttöku þessa erindis** hvort samrunatilkynningar sé eftir sem áður óskað, sbr. 4. mgr. 17. gr. b. laga nr. 44/2005. Aðilar munu leggja sig fram við að veita eftirlitinu allar þær upplýsingar sem það telur þörf á til þess að meta framangreint.

Erindi þetta, og meðfylgjandi gögn, hafa að geyma viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar og er eingöngu ætlað til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið. Er þess óskað að farið verði með öll gögn og upplýsingar sem trúnaðarmál, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005.

1 Viðskiptin

Hinn 23. október 2021 undirrituðu AB 855 og Síminn kaupsamning þar sem AB 855 keypti 100% eignarhlut (hlutafé að nafnvirið 7.600.000.000 króna) í Mílu af Símanum (fskj. 1). Kaupverð eignarhlutarins er 78.000.000.000 krónur. Kaupin eru háð fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, eftir því sem við á (sjá viðauka 2 við kaupsamninginn). Þegar þessum fyrirvara, sem og öðrum fyrivörum samkvæmt kaupsamningnum hefur verið aflétt, mun Ardian fara með yfirráð yfir Mílu.

Í tengslum við kaupin hefur komist á samkomulag milli Mílu og Símans um að gangast undir tvo samninga þegar viðskiptin eru frágengin; annars vegar þjónustusamning vegna kaupa Símans á þjónustu af Mílu (e. *Wholesale Service Agreement*) og hins vegar þjónustusamning á skiptatímabili vegna tiltekinnar þjónustu Símans við Mílu (e. *Transition Service Agreement*), og fylgja þeir samningar kaupsamningnum.

Það athugast að aðeins kaupsamningurinn hefur verið undirritaður (fskj. 1), en viðaukar 6 – 8 við kaupsamninginn eru enn óundirritaðir (fskj. 2 – 4).

2 Um aðila

2.1 AB 855 og Ardian

Eins og áður segir þá er AB 855 í eigu sjóðanna ARDIAN Infrastructure Fund V S.C.A., SICAR og ARDIAN Infrastructure Fund V B S.C.S., SICAV-RAIF, sem er stýrt af Ardian. Þegar afhending hins keypta, Mílu, fer fram mun þannig verða breyting á yfírráðum í Mílu á þann veg að Ardian mun fara með endanleg yfírráð félagsins.

Ardian er reyndur aðili þegar kemur að innviðafjárfestingum til langs tíma og er Ardian eitt stærsta sjóðastýringafyrirtæki (e. *private investment house*) Evrópu. Ardian var stofnað árið 1996 af Dominique Senequier og er með höfuðstöðvar í París í Frakklandi og átta aðrar skrifstofur í Vestur-Evrópu. Ardian hefur um það bil 800 starfsmenn og er með um 114 milljarða bandaríkjadala í stýringu. Meðal fjárfesta í Ardian eru lífeyrissjóðir, tryggingafélög, ríkiseignafélög og aðrir fagfjárfestar. Í samræmi við lög nr. 82/2019 hefur Ardian staðfest við fyrirtækjaskrá Skattsins að enginn aðili fer með meira en 25% endanlegs eignarhalds í Ardian Funds. Þá er rétt að geta þess að Ardian hefur samþykkt að bjóða íslenskum lífeyrissjóðum að kaupa allt að 20% hlutafjár (óbeint) í AB 855.

Hvorki Ardian né fyrirtæki í eigu Ardian Funds hafa veltu á Íslandi.

2.2 Míla

Míla er fyrirtæki í eigu Símans. Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Hlutverk Mílu er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi og felst sérhæfing Mílu meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarýmum og möstrum.

3 Tilkynning samruna

Eins og áður segir þá fela viðskiptin í sér að Ardian öðlast endanleg yfírráð yfir Mílu, en samkvæmt 17. gr. laga nr. 44/2005 telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfírráðum til frambúðar. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. a. laga nr. 44/2005 skal tilkynna um samruna sem uppfyllir þau skilyrði að sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 3 milljarðar króna eða meira á Íslandi, og að minnsta kosti tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 300 milljón króna ársveltu á Íslandi hvert um sig, sbr. a- og b-liðir 1. mgr. 17. gr. a.

Velta Mílu á Íslandi var 6.442.000.000 krónur árið 2020 (fskj. 6). Velta Ardian, og fyrirtækja innan samstæðu Ardian, á Íslandi var og er engin, en eins og áður segir hefur Ardian enga starfsemi á Íslandi.

Af þessu leiðir að skilyrði 1. mgr. 17. gr. a. laga nr. 44/2005 eru ekki uppfyllt og samruni þessi því ekki tilkynningarskyldur.


Óskað er eftir að Samkeppniseftirlitið taki afstöðu til þess **innan 15 virkra daga frá móttöku þessa erindis** hvort samrunatilkynningar sé eftir sem áður óskað, sbr. 4. mgr. 17. gr. b. laga nr. 44/2005. Aðilar munu leggja sig fram við að veita eftirlitinu allar þær upplýsingar sem það telur þörf á til þess að meta framangreint.

Ef Samkeppniseftirlitið gerir kröfu um tilkynningu um samrunann, sbr. 4. mgr. 17. gr. b. laga nr. 44/2005, er þess vinsamlegast óskað að Samkeppniseftirlitið staðfesti að tilkynna megi samrunann með styttri tilkynningu. Í því samhengi líta aðilar til þess að samkvæmt 6. mgr. 17. gr. a. laga nr. 44/2005 er heimilt að tilkynna samruna með styttri tilkynningu þegar þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir. Eins og áður hefur verið lýst þá er Ardian ekki með neina aðra starfsemi á mörkuðum hérlandis, og því ljóst að þeir markaðir sem Míla starfar á annars vegar og Ardian hins vegar eru ekki tengdir.

Sjálfsagt er að veita frekari upplýsingar og/eða funda með Samkeppniseftirlitinu eftir því sem eftirlitið telur þörf á.

Virðingarfyllst,

Lára Herborg Ólafsd.
Lára Herborg Ólafsdóttir, lögmaður



Fjölnir Ólafsson, lögmaður

Fylgiskjöl

1. Share Purchase Agreement, dagsettur 23. október 2021
2. Viðauki 6 við Share Purchase Agreement (Wholesale Services Agreement) og viðaukar - óundirritað
3. Viðauki 7 við Share Purchase Agreement (Transitional Service Agreement) – óundirritað
4. Viðauki 8 við Share Purchase Agreement (Calculation of the Purchase Price) – óundirritað
5. Viðauki 9 við Share Purchase Agreement (Exchange Rate Hedging Note), dagsett 23. október 2021
6. Ársreikningur Mílu fyrir árið 2020